



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 128/438

komudagur 3.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og Viðskiptanefnd
Þórshamri v/Temlarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, 355 mál, elli og makalífeyrir.

FFSÍ styður frumvarpi sem lagt var fram að beiðni stjórnar sjóðsins. FFSÍ vill vekja athygli á því viðamikla vandamáli sem felst í geysilega háu hlutfalli örorkubóta hjá Lífeyrissjóði sjómanna miðað við aðra sjóði og skorar á nefndarmenn að leita allra leiða til að draga úr því misvægi sem til staðar er milli lífeyrissjóða að þessu leiti.

Virðingafyllst,
f. h. Farmanna og fiskimannasambands Íslands


Árni Bjarnason

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 128/400

komudagur 3.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. nóvember 2002


Tilvísun: 2002110067

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, 355. mál.


Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er yfirvofandi aukning á halla hjá sjóðnum sem krefst breytinga á samþykktum hans, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1999, 7. gr. samþykktá sjóðsins og 2. og 3. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að það sé alfarið stjórnar sjóðsins að velja leiðir til að mæta hallanum að gættu skilgreindri lágmarkstryggingavernd í lögum nr. 129/1997, jafnræði og annarra almennra sjónarmiða. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ásta Þórarinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/402
komudagur 3.12.2002



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/Efnahags- og viðskiptanefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna – 355. mál.

Við höfum mótttekið bréf dags. 21. nóvember 2002 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna – 355. mál.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2002


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, 355. mál, elli- og makalífeyrir.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða hefur farið yfir umrætt frumvarp, en tilgangur þess er að styrkja fjárhagslegan grundvöll Lífeyrissjóðs sjómanna, þannig að sjóðurinn geti staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar í samræmi við tryggingafræðilega athugun.

Landssamtaka lífeyrissjóða lýsa ánægju sinni með frumvarpið og leggja til að það verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA




Reykjavík, 28. nóvember 2002.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,

Lífeyrissjóður sjómanna hefur mótttekið bréf yðar, dags. 21. nóvember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, 355. mál. Lífeyrissjóður sjómanna mælir með samþykkt frumvarpsins, enda er það lagt fram að beiðni stjórnar sjóðsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna



Árni Guðmundsson framkv.stjóri

Reykjavík, 26. nóvember 2002.

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Á fundi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 21. nóvember sí. var óskað eftir ýmsum upplýsingum frá Lífeyrissjóði sjómanna vegna frumvarps til breytinga á lögum sjóðsins sem lagt hefur verið fram í þinginu.

Hér á eftir er umfjöllun um þau atriði sem spurt var um á fundinum. Einnig hefur verið svarað í tölvupósti spurningum sem sjóðnum bárust að loknum fundi nefndarinnar. Þá fylgir tryggingafræðileg úttekt Talnakönnunar hf. á stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna 31.12.20021 og skýrsla þar sem fram koma áhrif þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu á stöðu sjóðsins. Einnig fylgir yfirlit yfir ávöxtun Lífeyrissjóðs sjómanna og samanburður við ávöxtun annarra lífeyrissjóða.

- Á árinu 1999 voru gerðar breytingar á lögum um Lífeyrissjóðs sjómanna þar sem öll réttindi voru lækkuð um 11,5%. Breytingar á lögum sjóðsins voru nauðsynlegar vegna laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en halli á Lífeyrissjóði sjómanna í árslok 1998 var yfir leyfilegum 10% mörkum. Það lá fyrir þegar þessar breytingar voru gerðar að þær myndu ekki nægja til þess að sjóðurinn stæði vel til framtíðar nema með mjög góðri ávöxtun, þar sem sjóðurinn er að veita betri réttindi en almennt þekkt hjá sambærilegum lífeyrissjóðum. Ávöxtun ársins 1999 var mjög góð, 12,5% hjá Lífeyrissjóði sjómanna, en hefur verið neikvæð síðan, um 0,3% árið 2000 og 1,6% árið 2001, og ljóst að ávöxtun ársins 2002 mun ekki verða góð. Ávöxtun Lífeyrissjóðs sjómanna hefur hins vegar verið yfir meðalávöxtun lífeyrissjóða, bæði á sl. ári og sl. 5 ár.
- Samstaða er innan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna um framkomnar tillögur til breytinga á lögum sjóðsins. Aðrar leiðir hafa verið ræddar, en breytingar á makalífeyri eru lagðar til samkvæmt tillögu tryggingafræðings sjóðsins, sérstaklega þar sem makalífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði sjómanna eru betri en þekkt í almennum lífeyrissjóðum. Einnig þykja slíkar breytingar sanngjarnari en flöt skerðing á réttindum og áhersla er lögð á það að skerða ekki réttindi þeirra sem áunnið hafa sér rétt til lífeyris. Þá er um að ræða svokallað "sólarlagsákvæði" sem þýðir að breytingar gerast á löngum tíma, en áhrif þeirra á heildarskuldbindingu sjóðsins reiknast strax í tryggingafræðilegri úttekt. Þannig næst fram bati um rúma 6 milljarða króna því að áhrif breytinganna eru reiknuð mjög langt fram í tímann.
- Lífeyrissjóður sjómanna var stofnaður með lögum frá árinu 1958 og alla tíð síðan hafa verið sérstök lög um sjóðinn. Í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á lögum sjóðsins vaknar eðlilega sú spurning af hverju sérstök lög gildi um Lífeyrissjóð sjómanna. Oft hefur verið rætt hvort ekki sé rétt að afnema lög um sjóðinn og reyndar hefur það verið reynt. Með breytingum sem gerðar voru á lögum sjóðsins á árinu 1994 (lög nr. 94/1994) var stigið skref í þá átt, þegar ákvæði um lífeyrisréttindi voru færð úr lögum og sett í reglugerð. Lögin voru aðeins 6 greinar og aðalástæðan fyrir því að þau voru ekki alveg afnumin var sú, að nauðsynlegt þótti að halda í ákvæði um lögveð í skipum til tryggingar á iðgjaldgreiðslum.

Breytingarnar sem gerðar voru árið 1994 voru ekki eingöngu formbreytingar, einnig var verið að breyta réttindaákvæðum og þá aðallega rétti sjóðfélaga til töku óskerts ellilífeyris frá 60 ára aldri. Í framhaldi af þessum breytingum höfðaði einn sjóðfélagi mál gegn sjóðnum vegna lækunar á rétti hans til töku slíks lífeyris. Með dómi Hæstaréttar frá árinu 1998 var sjóðurinn dæmdur til að greiða umræddum sjóðfélaga óskertan lífeyri þar sem skerðing lögbundinna réttinda með reglugerð var talin óheimil. Í framhaldi af dómi Hæstaréttar taldi stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna vegna hugsanlegra áhrifa dómsins nauðsynlegt að óska eftir því að ávæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga yrðu aftur færð í lög og var það gert með núgildandi lögum nr 45/1999.

- Makalífeyrir fyrir og eftir breytingar.

Samkvæmt núgildandi lögum á eftirlifandi maki látins sjóðfélaga rétt á ævilöngum makalífeyri hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónaband staðið í a.m.k. 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélagi náði 60 ára aldri. Ævilangur makalífeyrir skal líka greiddur ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 19 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum þrátt fyrir að framangreind skilyrði séu ekki uppfyllt, þ.e. um aldur maka og hjúskapartíma. Ef skilyrði til ævilangs makalífeyris eru ekki uppfyllt skal greiða lífeyri í 24 mánuði.

Samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum sjóðsins er afnuminn réttur til ævilangs óskerts makalífeyris. Ræðst rétturinn af aldri eftirlifandi maka, en þó er ávallt greiddur óskertur makalífeyrir meðan yngsta barn á framfæri makans er yngra en 19 ára og einnig ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki.

Bæði samkvæmt núgildandi lögum og frumvarpinu fellur réttur til makalífeyris niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar.

Nokkur dæmi:

1. Eftirlifandi maki f. 1944 eða fyrr. Sami réttur fyrir og eftir breytingu, þ.e. ævilangur óskertur makalífeyrir.

2. Eftirlifandi maki 30 ára, barnlaus. Hér er dæmi um betri rétt eftir breytingar, því að samkvæmt núgildandi lögum greiðist makalífeyrir í 24 mánuði en í 36 mánuði samkvæmt frumvarpinu.

3. Eftirlifandi maki f. í ársbyrjun 1950. Samkvæmt núgildandi lögum ævilangur makalífeyrir, en eftir breytingar ævilangur makalífeyrir, óskertur í 36 mánuði, en síðan 10% lægri.

4. Eftirlifandi maki f. í ársbyrjun 1955, yngsta barn 15 ára. Ævilangur makalífeyrir samkv. núgildandi lögum. Eftir breytingar greiðist ævilangur makalífeyrir, óskertur í 4 ár (til 19 ára aldurs yngsta barns), síðan 30% lægri.

5. Eftirlifandi maki f. í ársbyrjun 1960, yngsta barn 12 ára. Samkv. núgildandi lögum greiðist ævilangur makalífeyrir. Eftir breytingar greiðist ævilangur makalífeyrir, óskertur í 7 ár (til 19 ára aldurs yngsta barns), en síðan 60% lægri.

6. Eftirlifandi maki f. í ársbyrjun 1960, engin börn eða börn orðin 19 ára. Samkv. núgildandi lögum er greiddur ævilangur makalífeyrir. Eftir breytingar yrði greiddur ævilangur makalífeyrir, óskertur í 36 mánuði, en síðan 60% lægri.


7. Eftirlifandi maki f. 1965, yngsta barn 10 ára. Samkv. núgildandi lögum er greiddur ævilangur makalífeyrir. Eftir breytingar yrði greiddur óskertur makalífeyrir í 9 ár (þar til yngsta barn nær 19 ára aldri).

8. Eftirlifandi maki f. eftir 1965, yngsta barn 1 árs. Ævilangur makalífeyrir samkv. núgildandi lögum. Eftir breytingar greiðist óskertur makalífeyrir í 18 ár (þar til yngsta barn nær 19 ára aldri).


Vonandi eru þessar upplýsingar fullnægjandi. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef frekari gögn eða upplýsingar vantar.

Virðingarfyllt,

f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna



Árni Guðmundsson framkv.stjóri



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi

*Erindi nr. P 128/386
komudagur 2.12.2002*

Reykjavík 2. desember 2002.

Efni: Umsögn um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, 355. mál.

Frumvarpið er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. Sjómannasamband Íslands á fulltrúa í stjórn sjóðsins og hefur hann kynnt sambandinu forsendum þess að nauðsynlegt er að gera þær breytingar sem í frumvarpinu felast. Auk þess var innihald frumvarpsins kynnt á fundi fulltrúaráðs sjóðsins síðastliðið vor. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson
Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 128/439
komudagur 3. 12. 2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999 um Lífeyrissjóð sjómanna, mál 355.

Frumvarpið er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og hefur þann megin tilgang að tryggja að sjóðurinn uppfylli skilyrði laga um “skyldutryggingu lífeyrisréttinda”. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar eiga þær breytingar, sem hér eru lagðar til á réttindum sjóðsfélaga, að leiða til þess að halli m.v. heildar skuldbindingar lækki úr 8,8% í 1,6% m.v. heilt ár.


Þrátt fyrir að þær breytingar sem hér eru lagðar til verði að lögum er rekstur Lífeyrissjóðs sjómanna síður en svo komin fyrir vind þar sem ekki hefur verið tekið á megin vanda sjóðsins sem felst í því að um 42% af gjöldum sjóðsins fer í greiðslu örorkubóta.

Ef skoðaðar eru kennitölur lífeyrissjóða vegna ársins 1998 kemur í ljós að 42% af gjöldum sjóðsins felast í örorkubótum á sama tíma sem meðaltal sjóðanna er 17,2% og þeir lægstu fara niður fyrir 2% af gjöldum til þessa málaflokks.

Ef við gætum lækkað greiðslur sjóðsins til örorkubóta niður í meðaltalið þ.e. 17,2% þá svaraði það til þess að hægt væri að auka greiðslur til annarra málaflokka um 33% m.v. óbreytt heildarútgjöld.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa tillögur til breytinga á frumvarpinu en hvetur þingmenn til þess að hugleiða hvað hægt sé að gera til þess að minnka útgjöld sjóðsins vegna örorkubóta en örorkubætur eiga ekkert skylt við markmið lífeyrissjóða sem felst í að tryggja sjóðsfélagunum fjárhagslegt öryggi þegar starfsdeginum lýkur.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!